


Upplýsingamiðstöð

Hvað margir?
Fyrir hverja?
Um hvað er spurt?



Niðurstöður
athugana sem unnar voru
fyrir tilstuðlan ferðamálafultrúa
Suðurlands á Suðurlandi sumarið 1994

Í riti þessu er að finna samantekt á niðurstöðum þeirra kannana sem unnar voru á vegum ferðamálafulltrúa Suðurlands sumarið 1994.


Tilgangurinn með því að vinna verkið var fyrst og fremst sá að gera sér gleggri grein fyrir umfangi þeirrar starfsemi sem fram fer á upplýsingamiðstöðvunum á Suðurlandi. Sjá gestafjölda þann sem þangað leitar til aðstoðar og fyrirspurna, einnig að sjá eftir hverju gestirnir eru að leita, hvaða staðir eru helst í hugum gestanna o.s.frv. Með því að hafa yfirsýn yfir þessa hluti gætum við e.t.v. lagað þjónustu okkar betur að þörfum þeirra sem sækja okkur heim og metið stöðu starfseminnar í heild fyrir landshlutann og uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Suðurlandi.

Í upphafi gerði ég mér grein fyrir því að rekstrarumhverfi hvernar stöðvar um sig, hér á Suðurlandi, væri ákaflega misjafnt. Á sumum stöðvunum væri erfiðara að halda utan um einhverja talningu gesta og fyrirspurna. Benda má á að slíkt hlýtur að vera gjörólíkt t.d. í Vík og á Selfossi þar sem Víkurstöðin er rekin í hringiðu umferðar í Víkurskála, en á Selfossi er eingöngu um rekstur upplýsingamiðstöðvar í húsinu að ræða. Þessa þætti finnst mér eðlilegt að fólk hafi í huga við túlkun á niðurstöðunum.

Fimm miðstöðvar unnu könnunina alla mánuði sumarsins, þ.e. á meðan þær voru opnar. Voru það miðstöðvarnar á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli, Klaustri og Skógum. Miðstöðvarnar í Vík og á Þingvöllum skiluðu könnuninni aðeins í júní. Miðstöðin á Eyrarbakka skilaði júní og júlímánuði en miðstöðin í Hveragerði skilaði ekki neinu.

Í ljós kemur að rúmlega 63 % þeirra sem sækja upplýsingamiðstöðvarnar á Suðurlandi heim eru útlendingar. Fyrirspurnir varðandi tjaldgistingu eru langflestar en álfka margar fyrirspurnir eru um hótél, ferðaþjónustu bænda og gistiheimil sé litið á þær tölur. Fyrirspurnir varðandi sérleyfisferðir eru mjög margar og lætur nærri að tíu af hverjum hundrað gestum spyrjist fyrir um þær. Fyrirspurnir um gönguferðir eru auk þess víða mjög margar. Það sem kallað er "annað" undir kaflanum um afþreyingu á í flestum tilfellum við að fólk hafi komið inn til að m.a. spyrjast fyrir um veður, skoða bæklinga, versla póstkort, frímerki eða minjagripi. Staðir eins og Landmannalaugar, Þórsmörk og Laki eru einnig ofarlega í hugum fólks inni á upplýsingamiðstöðvunum.

Ég vil að lokum þakka starfshólki upplýsingamiðstöðvanna fyrir aðstoðina við framkvæmd verksins og vona jafnframt að þessar niðurstöður geti komið að einhverju gagni við uppbyggingu og umfjöllun ferðaþjónustunnar á svæðinu. Ennfremur vil ég þakka Rögnvaldi Guðmundssyni, ferðamálafulltrúa Hafnarfjarðar fyrir yfirlestur handritsins og ábendingar um atriði sem betur máttu fara.

Selfossi, 19. október 1994

Valgeir Ingi Olafsson, ferðamálafulltrúi Suðurlands

Upplýsingamiðstöð Suðurlands


Upplýsingamiðstöð Suðurlands Tryggvaskála, 800 Selfossi
Sími: 98-21704 - fax 98-22764.

Upplýsingamiðstöð Suðurlands hóf rekstur árið 1991. Frá þeim tíma hefur hún gegnt móðurstöðvarhlutverki fyrir Suðurland eins og það var skilgreint í stofnsamningi upplýsingamiðstöðva. Fyrsta árið hlaut hún styrk til rekstrarins frá Ferðamálaráði Íslands (Upplýsingamiðstöð ferðamála) ásamt því að Selfossbær, Ferðamálasamtök Suðurlands og einstaka hagsmunaaðilar ferðahjónustunnar styrktu hana. Tvö síðustu ár kom fjármagn til rekstursins hins vegar eingöngu frá Selfossbæ, Ferðamálasamtökunum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands og einstökum hagsmunaaðilum á Suðurlandi. Sumarið 1994 er það Selfossbær sem sér alfarið um rekstur stöðvarinnar en fær til þess styrk frá Ferðamálasamtökum Suðurlands og einstökum hagsmunaaðilum.

Upplýsingamiðstöðin annast skipulagða dreifingu kynningarefnis frá bæklingsáútgefendum á Suðurlandi og heldur nákvæma skrá utan um hana. Fyrir þessa þjónustu greiða þeir nokkra þóknun skv. umfangi hennar.

Opnunartími stöðvarinnar var í ár frá 1. júní til 15. september 1994, en dagleg opnun var frá kl. 09:00 til 19:00. Við stöðina starfa tveir starfsmenn umsjónarmaður í 100% starfi en hinn í u.þ.b. 80% starfshlutfalli.

Skýrsla hefur verið tekin saman um starfsemina öll starfsárin.



Þróun síðustu ára:

	Fjöldi	Breyting:
Árið 1991	1.801	100 %
Árið 1992	2.223	+23,5 %
Árið 1993	2.007	-9,7 %
Árið 1994	2.138	+6,5 %

Athygli vekur hversu miklu fleiri útlendingar en Íslendingar sækja Upplýsingamiðstöð Suðurlands heim alla mánuði nema í júní.

Hugsanlegar skýringar gætu verið:


1. Aðgengi miðstöðvarinnar þ.e. staðsetning hennar í Tryggvaskála. Eftir að hringtorgið kom til sögunnar í fyrrasumar, dró úr aðsókn. Og eins núna þegar aðgengið hafði versnað til muna má getum að því leiða að hingað komi ekki nema þeir sem eiga brýnt erindi. Íslendingar vilja gjarnan geta keyrt ökuteki sín alla leið að dyrum þjónustustaðarins.
2. Upplýsingamiðstöð Suðurlands hefur trúlega fengið betri kynningu erlendis heldur en margar aðrar stöðvar á Suðurlandi enda rekstrartími hennar ívið lengri en flestra. Íslendingar og þá einkum heimamenn hafa verið hvattir til að koma þangað til að afla sér kynningarefnis áður en lagt er af stað í ferðalagið.
3. Selfoss liggur á krossgötum og ef við lítum á fjölda fyrirspurna þ.e. að nærri 25% gesta spyrjast fyrir um sérleyfisferðir getum við leitt hugann að því að hér þurfi menn góðar og traustar upplýsingar varðandi samgöngurnar út frá krossgötunum þ.e. austur og norður, Landmannalaugar, Þórsmörk og víðar.

Hversu mikið þarf að sinna gestunum?

Aðstoðar leituðu	248 gestir	11,60% gestanna
Einfaldar fyrirspurnir	1371 gestur	64,13% gestanna
Annarra erinda komu	482 gestir	22,54% gestanna
Talnalegt frávík	37 gestir	1,73% gestanna
Alls gestafjöldi	2.138 gestir	100 % gestanna

Sjá má á að um það bil 75% gesta koma með fyrirspurnir til starfsmanna eða þurfa á meiri aðstoð þeirra að halda. Aðrir gestir koma inn til þess að taka bæklinga, versla póstkort og frímerki auk annarra ótilgreindra erinda.


Eftir hvernig gistingu leitast fólk?



Eins og sjá má eru flestar fyrirspurnirnar varðandi tjaldsvæðin. Þetta leiðir hugann að því hversu mikilvægt er fyrir þá sem reka tjaldsvæðin að koma sem bestum upplýsingum inn á upplýsingamiðstöðina.


Undir liðnum annað eru flokkaðar fyrirspurnir um gistiheimili, svefnpokapláss, heimagistingu og fl. Sjá má að nærri jafn margar fyrirspurnir eru gerðar um þennan lið eins og tjaldsvæðin. *Eru gestir upplýsingamiðstöðva fyrst og fremst tjaldbúar?*

Fyrirspurnir um ferðir:



Fyrirspurnir varðandi sérleyfisferðir eru langflestar hér eins og annars staðar á Suðurlandi. Nokkuð mikill fjöldi spyrst einnig fyrir um ferjur og þá trúlega til Eyja.

Fyrirspurnir varðandi afþreyingu:



Nokkur fjöldi spurst fyrir um gönguferðir. Í því sambandi vil ég benda á hvort ekki gæti verið athugandi fyrir Selfoss og nágrenni að merkja og kynna einhverjar gönguleiðir alveg í nágrenni bæjarins. Jafnvel mætti hugsa sér göngutúr á hverju kvöldi með eða án leiðsagnar t.d. upp með Ölfusá og víðar.

Varðandi staðina sem fyrirspurnir komu um.

Á Selfossi spyrja menn mest um Landmannalaugar eða tæplega 10% (9,4%) gesta. Þar á eftir virðist mikið spurt um Gullfoss og Geysi eða rúmlega 8% um hvorn stað fyrir sig. Um Vestmannaeyjar er einnig mikið spurt.

Er ástæðan fyrir fjölda fyrirspurna um þessa staði kannski sú að ekki séu til nógu aðgengilegar upplýsingar um þá fyrir ferðamenn, eða jafnvel erfitt að komast til þeirra?

Varðandi aðra staði sem spurt er um vísast til meðfylgjandi viðauka.

Til umhugsunar:

Þá ályktun mætti draga af ofanskráðum niðurstöðum að ákaflega mikilvægt sé fyrir sérleyfishafa að hafa sem bestar og nákvæmastar upplýsingar um sína starfsemi inni á upplýsingamiðstöðinni. E.t.v. væri þægilegra fyrir gesti að geta keypt ferðirnar þar.

Skipulagðar gönguferðir finnst mér athugandi hvort ekki sé rétt að bjóða upp á í framtíðinni sökum þess hve margir virðast leita sér upplýsinga varðandi þær. Athyglisvert er einnig hversu margir spyrjast fyrir um sundlaugina.

Er hugsanlegt að hún sé eitthvað illa auglýst, merkt eða kynnt fyrir ferðamönnum?


Mikilvægt hlýtur að vera fyrir ferðapjónustuaðila í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og þorpunum við ströndina að hafa sem bestar upplýsingar um sína þjónustu á upplýsingamiðstöðinni. Sama má segja um þau svæði sem liggja nærri Landmannalaugum, Gullfossi og Geysi. Sérstaklega mikilvægt hlýtur þó að vera fyrir sérleyfishafa sem aka á þessum leiðum að á upplýsingamiðstöðinni séu gefnar réttar upplýsingar varðandi tímasetningu og fyrirhugaða áætlun til ferðamanna sökum þess mikla fjölda sem spurst fyrir um þá.

Upplýsingamiðstöðin Hellu

**Upplýsingamiðstöðin á Hellu, Suðurlandsvegi 1, 850 Hellu.
Sími: 98-75165 - fax 98-75365.**

Stöðin er rekin í húsnæði Umboðsskrifstofunnar á Hellu sem er í eigu Aðalheiðar Högnadóttur og hefur hún starfrækt hana í 12 ár. Upplýsingamiðstöð hefur þó ekki tengst rekstrinum fyrr en síðustu 3 árin eða frá 1991. Í tengslum við Landsmót hestamanna í sumar útbjó hún upplýsingabás í tjaldi sem komið var fyrir á mótssvæðinu. Hlaut hún styrk m.a. frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands og fleirum til þess að slíkt gæti orðið að veruleika. Síðustu 3 árin hefur upplýsingamiðstöðin fengið styrk frá Rangárvallahrepp sem nam kr. 200.000 fyrir árið 1993 en 300.000 fyrir starfsárið 1994. Starfsmenn Umboðsskrifstofunnar yfir sumartímann eru 2 í u.þ.b. 100% starfi.

Mánuðina júní - júlí - ágúst var opið frá kl. 09:00 - 19:00 virka daga, en frá kl. 10:00 - 12:00 um helgar. Aðra mánuði ársins er opið á venjulegum skrifstofutíma eða frá kl. 09:00 til 16:00.



Þróun síðustu ára:

	Fjöldi:	Breyting:
Árið 1992	521	100 %
Árið 1993	1.219	+134 %
Árið 1994	1.865	+ 53 %

Athygli vekur hversu miklu fleiri útlendingar en Íslendingar sækja Upplýsingamiðstöðina á Hellu heim.

Hugsanlegar skýringar gætu verið:


1. Aðgengi miðstöðvarinnar þ.e. staðsetning hennar á efri hæð Suðurlandsvegar 1 fællir Íslendingana frá þar sem þeir þurfa að finna bílastæði, ganga upp stiga o.s.frv.
2. Hekla er vel þekkt meðal erlendra gesta og hvetur erlenda ferðamenn til þess að líta inn á upplýsingamiðstöð sem er í návígi hennar.
3. Hella er hugsanlega ekki viðkomustaður Íslendinga á ferð um Suðurland eins og t.d. Hvolsvöllur.
4. Í tengslum við ferðir í Þórsörk og Landmannalaugar þurfa farþegar sem koma frá Hvolsvelli að bíða um stund á Hellu. Ekki er ólíklegt að þeirra leið liggji inn á upplýsingamiðstöðina.

Hversu mikið þarf að sinna gestunum?

Aðstoðar leitunú	520 gestir	27,88 % gestanna
Einfaldar fyrirspurnir	765 gestir	41,02 % gestanna
Annarra erinda komu	553 gestir	29,65 % gestanna
Talnalegt frávik	27 gestir	1,45 % gestanna
Alls gestafjöldi	1.865 gestir	100 % gestanna

Benda má á að tæplega 70% gesta koma með fyrirspurnir til starfsmanna eða þurfa á meiri aðstoð þeirra að halda.

Eftir hvernig gistingu leitar fólkið?




Eins og sjá má eru flestar fyrirspurnirnar varðandi tjaldsvæðin. Nokkuð hátt er einnig hlutfall þeirra sem spyrjast fyrir um hótलगistingu en aftur fáir sem spyrja um ferðapjónustu bænda.

Er hugsanlegt að framboð gistingar hjá ferðapjónustu bænda í nágrenni Hellu hafi þarna einhver áhrif á?


Undir liðnum annað eru flokkaðar fyrirspurnir um gistiheimili, svefnþokapláss, heimagistingu og fl.

Fyrirspurnir um ferðir:



Fyrirspurnir varðandi sérleyfisferðir eru langflestar hér eins og annars staðar á Suðurlandi. Nokkuð mikill fjöldi spyrst einnig fyrir um flug og þá trúlega til Vestmannaeyja. Raunar þarf það ekki að undra þar sem Umboðsskrifstofan hefur umboð fyrir Flugleiðir, selur einnig í beint flug með Vali Anderssyni til Vestmannaeyja ýmist frá Bakka í Landeyjum eða frá öðrum stöðum á Suðurlandi. Umboðsskrifstofan hefur einnig umboð fyrir tryggingafélög og happdrætti.

Fyrirspurnir varðandi afþreyingu:



Varðandi staðina sem fyrirspurnir komu um.

Á Hellu spyrja menn mest um Landmannalaugar eða tæplega 10% (9,2%) gesta. Þar á eftir koma fyrirspurnir um Þórsmörk tæp 6,5% en Hekla er í þriðja sæti með tæp 5,7%. Gestir spyrja miklu minna um aðra staði á listanum og ekkert um Stokkseyri, Eyrarbakka og Bláa lónið. Um aðrar fyrirspurnir vísast til fyrirspurna um þær sem hér fylgja með hér í viðauka.

Er ástæðan fyrir fjölda fyrirspurna um þessa staði kannski sú að ekki eru til nógu aðgengilegar upplýsingar um þá fyrir ferðamenn, eða jafnvel erfitt að komast til þeirra?

Til umhugsunar:

Þá ályktun mátti draga af ofanskráðum niðurstöðum að ákaflega mikilvægt sé fyrir sérleysisstjóra að hafa sem bestar og nákvæmastar upplýsingar um sína starfsemi inni á upplýsingamiðstöðinni. Er hugsanlegt að ferðamenn fái ekki nægilega greinargóðar og skýrar upplýsingar í hendur þegar þeir kaupa ferðirnar.

Handhafar veiðiréttar ættu líka að reyna að koma á upplýsingamiðstöðina bestum upplýsingum um sig og sína starfsemi.

Einnig finnst mér athugandi hvort ekki væri rétt að fara að huga að skipulögðum gönguferðum í nágrenni Hellu. Leggja meiri áherslu á að kynna t.d. gönguferðir á Heklu betur ásamt öðrum svæðum í næsta nágrenni.

Athygli mína vekja einnig fyrirspurnir gesta um pósthús (þá trúlega frímerkjakaup og viðtöku sendinga og póstkorta) ásamt vandræðum gesta við banka eða gjaldveyrisskiptingu.

Ástand vega og veður er líka spurt mikið um og raunar eins á öðrum upplýsingamiðstöðvum. Þess ber þó að gæta að líta má á upplýsingamiðstöðina á Hellu sem síðasta áfangastað áður en lagt er í hann inn á hálendið. Mikilvægt er í því sambandi að hægt sé að veita gestinum sem nýjastar og bestar upplýsingar þar að lútandi.

Upplýsingamiðstöðin Klaustri

**Upplýsingamiðstöðin á Kirkjubæjarklaustri, Skaftárvöllum,
880 Kirkjubæjarklaustri.**

Sími: 98-74620 - fax 98-74842.


Á Kirkjubæjarklaustri hefur verið rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn allt frá árinu 1983 er hún var fyrst stofnuð í tengslum við rekstur tjaldsvæðis á Kleifum. Miðstöðin var lengi vel til húsa í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, eða allt til ársins 1993 er rekstur hófst í húsnæði leikskólans á Skaftárvöllum. Frá þeim tíma hefur ferðafólki og heimamönnum einnig gefist kostur á því að skilja hörn sín eftir í gæslu.

Ferðamálafélag Skaftárhrepps í samvinnu við upplýsingamiðstöðina hefur s.l. 3 ár gefið út bæklinginn "Á döfinni" Kemur hann út vikulega og flytur það sem er að gerast í afþreyingar, menningar og listalífi svæðisins. Á vegum þess og upplýsingamiðstöðvarinnar eru einnig skipulagðar gönguferðir, fjölskylduleikir og sögustundir sem hafa undanfarin þrjú ár verið í Kapellu séra Jóns Steingrímssonar.

Upplýsingamiðstöðin selur veiðileyfi, minjagrip og póstkort og sér einnig um bókanir í gistingu og ferðir.

Upplýsingamiðstöðin er rekin af Skaftárhreppi. Einn starfsmaður starfar við stöðina og er hann í rúmlega fullu starfi.

Upplýsingamiðstöðin er opin frá 1. júní til 31. ágúst og er opið alla daga vikunnar frá kl. 09:00-12:00 og frá 13:00-17:00. Starfsmaður annast einnig innheimtu og eftirlit á tjaldsvæðinu á Kleifum, ásamt starfsliði unglíngavinnunnar, en frá upphafi hafa tekjur af tjaldsvæðinu staðið undir kostnaði við reksturinn.



Þróun milli ára:

	Fjöldi	Breyting
Árið 1992	2548	
Árið 1993	3269	+28,3 %
Árið 1994	2692	-17,5 %

Athygli vekur að talsvert fleiri Íslendingar en útlendingar sækja Upplýsingamiðstöðina á Klaustri heim sumarið 1994.

Hugsanlegar skýringar gætu verið:


1. Upplýsingamiðstöðin á Klaustri hefur verið starfrækt nokkuð lengi og því orðin föst í sessi sem slík. Sumarhúsagestir og aðrir á leið um svæðið ganga þar að bestu fánlegum upplýsingum varðandi svæðið og þá afþreyingu sem í boði er. Einnig er fjöldi þeirra að kaupa sér veiðileyfi.
2. Hugsanlegt er að sá mikli fjöldi gesta sem spyrst fyrir um veiðiskap (tæplega 16%) séu að stærstum hluta Íslendingar. Erindi þeirra er þá máské fyrst og fremst að kaupa sér veiðileyfi.
3. Mikill fjöldi erlendra gesta sem sækja Klaustur heim ferðast með skipulögðum hópferðum og dvelja oft á tíðum ekki nema næturlangt og geta því ekki nýtt þann opnunartíma sem boðið er upp á né hluta þeirrar afþreyingu sem til staðar er.

Hversu mikið þarf að sinna gestunum?

Aðstoðar leituðu	1305 gestir	50,15 % gestanna
Einfaldar fyrirspurnir	875 gestir	32,50 % gestanna
Annarra erinda komu	406 gestir	15,08 % gestanna
Talnalegt frávik	61 gestir	2,27 % gestanna
Alls gestafjöldi	2.692 gestir	100 % gestanna

Rúmlega 80% gesta koma með fyrirspurnir til starfsmanna eða þurfa á meiri aðstoð þeirra að halda. Langmestur hluti starfseminnar hlýtur því að vera að annast upplýsingagjöf til gesta en ekki, t.d. að selja þeim minjagrip, pótkort eða eitthvað því um líkt.


Eftir hvernig gistingu leitar fólkið?



Eins og sjá má eru flestar fyrirspurnirnar varðandi tjaldsvæðin. Athygli vekur einnig að fyrirspurnir um Ferðapjónustu bænda og hótél eru talsvert fleiri á Klaustri en víða annars staðar á Suðurlandi. Undir liðnum annað eru flokkaðar fyrirspurnir um gistiheimili, svefnpokapláss, heimagistingu og fl.


Er almennt meiri þörf fyrir gistingu á Klaustri en á öðrum stöðum á Suðurlandi? Er flöskuháls í gistingu þar?

Fyrirspurnir um ferðir:



Fyrirspurnir varðandi sérleyfisferðir eru langflestar hér eins og annars staðar á Suðurlandi. Fyrirspurnir um skoðunarferðir eru talsvert margar eða umtalsvert fleiri en annars staðar á Suðurlandi (1,7%). Hugsast gæti að ferðir að Laka og í Núpsstaðarskóg ættu þar nokkuð stóran hlut að máli. Lítil áhugi virðist vera fyrir bílaleigum ef marka má fjölda fyrirspurna.

Fyrirspurnir varðandi afþreyingu:



Á Klaustri spyrja menn ótrúlega lítið um söfn. *Hvaða skýring gæti verið á því?* Athyglisvert er hversu margir spyrja um veiði á þessu svæði. Einnig er fjöldi fyrirspurna um gönguferðir athyglisverður. Kemur það e.t.v. til af skipulögðum gönguferðum í nágrenni Klausturs.

Væri hægt að hafa þær fjölbreyttari, eða oftar?

Merkilega fáir spyrja um golf þó svo að golfvöllur sé innan seilingar í Efri-Vík í Landbroti. *Er hann svona vel kynntur eða leita golfarar almennt ekki inn á upplýsingamiðstöðvar?*

Varðandi staðina sem fyrirspurnir komu um.

Lakagígar fá flestar fyrirspurnir um einstaka staði (15.56% gesta spyrja um þá).

Hvers vegna er svo? Getur verið að ferðamenn séu eitthvað illa upplýstir um svæðið?

Er það öryggisins vegna sem menn spyrja?

Landmannalaugar eru einnig með margar fyrirspurnir eða 13.36%. Aðrir staðir fá miklu færri fyrirspurnir og nokkuð margir alls enga. Varðandi fyrirspurnir um einstaka staði aðra og önnur atriði vísast til viðauka.

Til umhugsunar:

Þá ályktun mætti draga af ofanskráðum niðurstöðum að ákaflega mikilvægt sé fyrir sérleyfishafa að hafa sem bestar og nákvæmastar upplýsingar um sína starfsemi inni á upplýsingamiðstöðinni.

Handhafar veiðiréttar ættu líka að reyna að koma á upplýsingamiðstöðina bestum upplýsingum um sig og sína starfsemi ásamt því að láta hana annast sölu á veiðileyfum.

Skipulagðar gönguferðir um nágrenni Klausturs virðast fá talsverða athygli gestanna og tel ég mikilvægt að bjóða upp á slíkar ferðir áfram.

Upplýsingamiðstöðin Skógum


Upplýsingamiðstöðin á Skógum Austur-Eyjafjöllum

861 Hvolsvöllur

Sími: 98-78843 fax: 98-78893

Upplýsingamiðstöð hefur verið starfrækt í félagsheimilinu Fosshúð frá 1989 í tengslum við tjaldsvæðið við Skógarfoss. Það er Austur-Eyjafjallahreppur sem hefur annast reksturinn. Kaffisala og gisting er rekin í tengslum við upplýsingamiðstöðina og annast starfsfólk hennar umsjón með því.

Upplýsingamiðstöðin opnaði þann 5. júní í sumar og var opin til 31. ágúst. Daglegur opnunartími stöðvarinnar var frá kl 9:00 til 21:00 alla daga vikunnar. Við miðstöðina starfa fimm starfsmenn allir í fullu starfi..



Athygli vekur hversu miklu fleiri útlendingar en Íslendingar sækja Upplýsingamiðstöðina á Skógum heim

Gestafjöldi alls 7.361

Hugsanlegar skýringar gætu verið:


1. Eflaust hefur Skógarfoss talsvert meira aðdráttarafl í hugum erlendra gesta heldur en okkar, sem sífellt höfum fossana og hrikalegt landslag fyrir augum.
2. Erlendir gestir eru trúlega í meirihluta dvalargesta á tjaldsvæðinu og líta því eflaust margir inn í kaffi þegar þeir hafa komið sér fyrir.

Hversu mikið þarf að sinna gestunum?

Aðstoðar leituðu	96 gestir	1,30 % gestanna
Einfaldar fyrirspurnir	1377 gestir	18,71 % gestanna
Annarra erinda komu	5724 gestir	77,76 % gestanna
Talnalegt frávík	164 gestir	2,23 % gestanna
Alls gestafjöldi	7.361 gestir	100 % gestanna


Athygli vekur hversu margir koma annarra erinda en að leita sér aðstoðar eða fá svar við einföldum fyrirspurnum. Ástæða þess er eflaust sú að í tengslum við upplýsingamiðstöðina eru seldar veitingar. Margir ferðamenn nýta sér það og setjast inn, skoða bæklinga, kaupa og skrifa póstkort o.s.frv. Álykta má sem svo að nærri 80% tíma starfsmanna fari í að sinna kaffi- og minjagripasölu en ekki nema u.þ.b. 20% starfstíma fari í starfsemi tengda upplýsingagjöf.

Eftir hvernig gistingu leitar fólkið?




Eins og sjá má eru flestar fyrirspurnirnar varðandi tjaldsvæðin. Undir liðnum annað eru flokkaðar fyrirspurnir um gistiheimili, svefnþokapláss, heimagistingu og fl.

Fyrirspurnir um ferðir:



Fyrirspurnir varðandi sérleyfisferðir eru langflestar hér eins og annars staðar á Suðurlandi. Nokkuð mikill fjöldi spyrst einnig fyrir um flug og þá trúlega til Vestmannaeyja. Stutt er að fljúga beint frá Skógarsandi yfir til Eyja og einnig er Skógaflugvöllur heppilegur sem byrjunarreitir útsýnisflugs yfir jöklana, Þórsmörk og Landmannalaugar.

Fyrirspurnir varðandi afþreyingu:



Ekki þarf áhugi á söfnum að koma mönnum á óvart þegar á Skóga er litið þar sem eitt skemmtilegasta safn á Suðurlandi er að finna þar og eðlilegt að margir vilji fá upplýsingar varðandi það. Sund og gönguferðir eru líka ofarlega á blaði hjá fólki og tengjast eflaust ferðum yfir Fimmvörðuháls.

Væri e.t.v. athugandi að hafa sundlaugin á Skógum opna fyrir almenning á sumrin?

Varðandi staðina sem fyrirspurnir komu um.

Á Skógum spyrja menn mest um Þórsmörk og Landmannalaugar. Um aðrar fyrirspurnir vísast til fyrirspurna um þær sem hér fylgja með.

Til umhugsunar:

Þá ályktun mætti draga af ofanskráðum niðurstöðum að ákaflega mikilvægt sé fyrir sérleysisföng að hafa sem bestar og nákvæmastar upplýsingar um sína starfsemi inni á upplýsingamiðstöðinni. E.t.v. væri þægilegra fyrir gesti að geta keypt ferðirnar á upplýsingamiðstöðinni.

Sundlaugin á Skógum mundi eflaust höfða til hluta þess fjölda sem dvelur á tjaldsvæðinu. Þykir þeim sem eru gangandi og jafnvel hjólandi of langt að þurfa að fara að Seljavöllum til að komast í sund. Þetta gæti jafnvel haft áhrif á vinsældir tjaldsvæðisins á Skógum á þann veg að fólk gisti fremur á Seljavöllum í nálægð við sundlaug.

Einnig finnst mér athugandi hvort ekki væri rétt að fara að huga að fleiri skipulögðum gönguferðum í nágrenni Skóga. Leggja meiri áherslu á að kynna t.d. gönguferðir niður að ströndinni, upp á Hnjúk og víðar.

Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli


Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli, Hlíðarenda 860 Hvolsvelli
Sími: 98-78781 - fax 98-78782.

Á Hvolsvelli hefur verið starfrækt upplýsingamiðstöð s.l. þrjú ár eða frá 1992. Fyrsta árið var hún starfrækt í þjónustumiðstöðinni Hlíðarenda. Sumarið 1993 var hún rekin af Sælubúinu hf., en það er hlutafélag u.þ.b. sextíu einstaklinga og fyrirtækja á Hvolsvelli og víðar. Starfsemin var rekin í félagsheimilinu Hvoli sumarið 1993. Annaðist hún einnig sölu minjagripa, póstkorta, sölu í ferðir m.a. inn í Þórsmörk og víðar, sá um sölu veiðileyfa, annaðist einnig umsjá veiðibókar. Einnig selur hún gistingu nær eingöngu fyrir hluthafa og næstu nágretta. Allir sem láta Sælubúid selja fyrir sig voru eða þjónustu gera við það viðskiptasamning og greiða því ákveðna þóknun fyrir. Sumarið 1994 var starfsemin aftur í Hlíðarenda.

Sælubúid hf. annast einnig rekstur og umsjá tjaldsvæðisins á Hvolsvelli.

Opið var alla daga frá 5. júní til 15. ágúst frá kl. 8:30 til kl. 23:00. Fyrstu dagana í júní og fram í september var einnig opið nokkra klst. á dag í tengslum við rútuferdir um héraðið og við þjónustu við veiðimenn.

Starfsmenn sumarið 1994 voru þrír í u.þ.b. 100% starfi.



Þróun síðustu ára:

	Ejöldi:	Breyting:
Árið 1993	1.210	100 %
Árið 1994	2.195	+81 %

Talsvert fleiri útlendingar en Íslendingar sækja upplýsingamiðstöðina á Hvolsvelli heim, sérstaklega þó í júlí og ágúst.

Hugsanlegar skýringar gætu verið:


1. Staðsetning upplýsingamiðstöðvarinnar er í Hlíðarenda eins og fram kemur hér á undan. Talning gesta við slíkar aðstæður getur verið mjög erfið því flestir koma inn til þess að versla í þjónustumiðstöðinni. Bæklingar lágu frammi fyrir framan herbergið sem miðstöðin hafði til ráðstöfunnar. Varðandi talninguna var fyrst og fremst um þá að ræða sem komu inn fyrir dyrnar þó svo mikkil fjöldi til viðbótar liti í bæklingarekka.

Hversu mikið þarf að sinna gestunum?

Aðstoðar leitunni	147 gestir	6.7 % gestanna
Einfaldar fyrirspurnir	635 gestir	28.93 % gestanna
Annarra erinda komu	447 gestir	20.36 % gestanna
Talnalegt frávík	966 gestir	44.01 % gestanna
Alls gestafjöldi	2.195 gestir	100 % gestanna


Talnalegt frávík er hér nokkuð hátt og í raun engin skýring á því önnur en að gleymst hafi að skrá erindi margra gesta. Tæp 30% eru þó fyrirspurnir til starfamanna.

Eftir hvernig gistingu leitar fólkið?




Eins og víðar á Suðurlandi eru flestar fyrirspurnirnar varðandi tjaldsvæðin. Undir liðnum annað eru flokkaðar fyrirspurnir um gistiheimili, svefnpokapláss, heimagistingu og fl. Athygli vekur hversu fáir spyrjast fyrir um ferðaþjónustu bænda þótt nokkur býli í nágrenninu bjóði upp á slíka þjónustu.

Fyrirspurnir um ferðir:



Fyrirspurnir varðandi sérleyfisferðir eru lang flestar hér eins og annars staðar á Suðurlandi. Eins og raunar annars staðar á Suðurlandi eru ákaflega fáar fyrirspurnir um bílaleigur á Hvolsvelli. Ef til vill er það m.a. vegna fjölda fyrirspurna um sérleyfisferðir þ.e. að gestir upplýsingamiðstöðva ferðast að mestu með sérleyfisbifreiðum.

Fyrirspurnir varðandi afþreyingu:



Eftirtektarvert er hversu fáir spyrja um golf og söfn. Aftur á móti spyr stór hópur um veiðiskap. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt fyrir þá sem selja í veiði að hafa bestar upplýsingar þar og jafnvel að láta upplýsingamiðstöðina selja veiðileyfi í fleiri veiðivötn en nú er gert.

Varðandi staðina sem fyrirspurnir komu um.

Að vonum eru langflestar fyrirspurnir um Þórsmörk enda selur upplýsingamiðstöðin í ferðir þangað auk fleiri staða. Auk þess eru Landmannalaugar og Vestmannaeyjar með nokkuð margar fyrirspurnir.

Í júlí voru nokkuð margar fyrirspurnir um hjólréiðahátíðina sem haldin var þann 10. júlí. Varðandi aðra staði voru fáar fyrirspurnir skráðar og vísast til viðauka varðandi þær.

Til umhugsunar:

Þá ályktun mætti draga af ofanskráðum niðurstöðum að ákaflega mikilvægt sé fyrir sérleysisstjóra að hafa sem bestar og nákvæmastar upplýsingar um sína starfsemi inni á upplýsingamiðstöðinni. Á Hvolsvelli gátu ferðamenn keypt miða í ferðir Austurleiða hf. á upplýsingamiðstöðinni þar sem fyrirtækið er einn af hluthöfum í Sælubúinu h.f.

Handhafar veiðiréttar ættu líka að reyna að koma á upplýsingamiðstöðina bestum upplýsingum um sig og sína starfsemi. Eins og fram kemur er langmestur fjöldi þeirra sem leita eftir afþreyingu að spyrjast fyrir um veiði.

